

# STARFSÁÆTLUN 2017

## INNGANGUR

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð ber, samkvæmt samþykktum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, að vinna starfsáætlun í stjórnkerfis og lýðræðismálum borgarinnar. Ráðið fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og á áætlunin að endurspeglar áherslur ráðsins. Tilgangurinn með áætluninni er að forgangsraða verkefnum en hún á einnig að nýtast sem tæki til að fylgjast með framvindu verkefna.

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð starfar í umboði borgarráðs samkvæmt samþykkt í borgarstjórn frá 2. september 2014. Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Ráðið tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs í málum sem heyra undir verksvið þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð eða borgarstjóri kunna að fela því. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

## FULLTRÚAR Í STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐI

### AÐALMENN

Halldór Auðar Svansson  
Eva Einarsdóttir  
Skúli Helgason  
Eva H. Baldursdóttir  
Hildur Sverrisdóttir  
Björn Gíslason  
Jón Ingi Gíslason

### VARAFULLTRÚAR


Þórlaug Ágústsdóttir  
Kári Sævarsson  
Natan Kolbeinsson  
Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir  
Börkur Gunnarsson  
Lára Óskarsdóttir  
Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir

## HELSTU VERKEFNI

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer með það verkefni að yfirfara stjórnkerfi Reykjavíkurborgar með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara eftir því sem nánar segir til um í samþykkt þessari. Ráðið fer einnig með það verkefni að efla lýðræði í stjórnkerfinu, gera samráð vandaðra og auka þátttöku borgarbúa. Þá fer stjórnkerfis- og lýðræðisráð með það verkefni að auka aðgang að upplýsingum og gera þjónustu við borgarbúa skilvirkari, markvissari og sýnilegri. Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur stjórnkerfis- og lýðræðisráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

- Er borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði stjórnkerfisbreytinga.

- Hefur frumkvæði að tillögum til borgarráðs um breytingar á stjórnkerfinu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu íbúalýðræðis og aukið samráð og þátttöku borgarbúa.
- Gerir tillögur til borgarráðs um aukið gagnsæi stjórnsýslunnar.
- Gerir tillögur til borgarráðs um eflingu hverfaráða og hverfajónustu.
- Gerir tillögur til borgarráðs um átök í rafrænni þjónustu við borgarbúa.



## ERINDREKI GAGNSÆIS OG SAMRÁÐS

Erindreki gagnsæis og samráðs á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vann fram að áramótum 2016 með stjórnkerfis- og lýðræðisráði að verkefnum þess. Hann sagði starfi sínu lausu og ákveðið var að endurráða ekki í stöðuna að sinni heldur var skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að sinna verkefnum hans.

## MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2017

Helstu markmið og aðgerðir í stjórnkerfis-, lýðræðis- og gagnsæismálum má sjá hér í töflunni. Markmið og aðgerðir til að ná þeim eru flokkuð í þrjá flokka.

### FLOKKAR VERKEFNA

- S: Stjórnkerfi
- L: Lýðræði og samráð
- G: Gagnsæi

Flokkur	Markmið	Aðgerð
G	Auka framboð af opnum gögnum Reykjavíkurborgar.	Styðja við og fylgja eftir aðgerðum sem miða að opnun ýmissa gagna Reykjavíkurborgar fyrir almenningi. Innleiðing á hugbúnaði vegna stjórnendaupplýsinga.
G	Rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar.	Styðja við og fylgja eftir framkvæmd á verkefni um rafræna gagnagátt fyrir fjárhagsupplýsingar Reykjavíkurborgar.
L	Auka samráð við ákvarðanatöku	Til verði opin samráðsgátt á vef þar sem leggja má fram reglur, stefnur, samþykktir eða hvaðeina til umsagnar almennings og hagsmunaaðila. Samráðsvefurinn Betri Reykjavík verði nýttur í þeim tilgangi.
S	Skýrt hlutverk hverfisráða	Hafin verði vinna í samstarfi við hverfisráð um frekari mótun á hlutverki og skipan ráðanna.
L	Betri Reykjavík	Móta heildstæða stefnu gagnvart Betri Reykjavík og nýrri útgáfu vefsíðunnar.
L	Auka þátttöku almennings í lýðræðismálum	Tillögur að aðgerðum til að auka kjörsókn.
L	Auka þátttöku ungmenna í lýðræðis- og samráðsverkefnum	Tillögur að aðgerðum til að auka vitund og áhuga ungmenna á lýðræði.
L	Lýðræðisstefna	Lokið verði við gerð stefnu í lýðræðismálum og innleiðingu hennar fylgt eftir.
S	Úrbætur á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar	Gerð verði tillaga að verklagi um meðferð ábendinga um úrbætur á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.
S	Þjónustustefna	Stuðningur og eftirlit með innleiðingu

		Þjónustustefnu Reykjavíkurborgar
L	<b>Nýting samfélagsmiðla í starfsemi Reykjavíkurborgar</b>	Sett verði samræmd stefna um nýtingu samfélagsmiðla í starfsemi Reykjavíkurborgar.

DRÖG